



## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Borgarráð

**Sendandi:** Skrifstofa sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviði

---

### **Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um fé frá ríkinu vegna lögbundinnar þjónustu**

Á fundi borgarráðs þann 23. júní 2022 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands:

„Nú hefur margoft komið fram að ríkið hefur ekki verið leggja nægt fé til þess að koma til móts við sveitarfélögin í þjónustu þeirra við fólk vegna málaflokka sem áður voru á hendi ríkisins. Reykjavíkurborg hefur ítrekað biðlað til ríkisins að bæta úr málunum en ekki hefur ennþá verið gert neitt til þess að svara því kalli. Hversu langt má Reykjavíkurborg ganga til þess að sækja féð sem vantar frá ríkinu vegna lögbundinnar þjónustu sem sveitarfélaginu ber að sinna? Hvaða leiðir standa Reykjavíkurborg til boða til þess að sækja féð sem vantar?“

**Svar:**

Sveitarfélögin á Íslandi hafa á umliðnum áratugum tekið yfir rekstur málaflokka frá ríkinu sem hafa verið fjármagnaðir með samningum milli ríkis og sveitarfélaga. Reykjavíkurborg hefur ítrekað vakið athygli alþingis á vanfjármögnun einstakra málaflokka, bæði með umsögnum um frumvarp til fjárlaga ár hvert og í umsögnum um fyrirhugaðar lagasetningu í einstökum málaflökum eftir því sem tilefni hefur verið til. Í umsögn Reykjavíkurborgar með frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2023, mál nr. 1/153 segir:

„Meginhlutverk sveitarfélaga er að veita íbúum sínum þjónustu sem er skilgreind í lögum sem samþykkt eru á Alþingi og reglugerðum sem settar eru af ráðuneytum. Rekstur sveitarfélaga er fjármagnaður með eigin tekjustofnum, einkum útsvari og fasteignasköttum og fjárfestingar með lántökum á markaði þar sem skuldabréf Reykjavíkurborgar bera álag á kjör ríkisins. Aðaláhættan í rekstri sveitarfélaga raungerist þegar ríkið leggur þeim á herðar meiri skyldur en þau geta fjármagnað með lögbundnum tekjustofnum. Þetta ógnar um þessar mundir sjálfbærni sveitarfélaga á Íslandi þvert á markmið laga um opinber fjármál en þar ber vanfjármögnun á málaflökki fatlaðs fólks hæst.

Einn höfuðtilgangur laga um opinber fjármál er að leggja grunn að efnahagslegu jafnvægi til lengri tíma, sbr. 4. gr. laganna. Það kallar á ábyrga fjármálastjórn, bæði í fjármálastjórn ríkisins og fjárhagslegum samskiptum ríkisins við sveitarfélögin. Það ætti að fyrirbyggja að ríkið með lagasetningu, reglugerðum eða öðrum stjórnvaldsfyrirmælum, taki ákvarðanir sem skylda sveitarfélög til að veita þjónustu án þess að þeim sé tryggð full fjármögnun á auknum verkefnum. Þannig renna bæði sveitarstjórnarlög og lög um opinber fjármál styrkum stoðum undir þær leikreglur sem gilda um fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga. Framkvæmd ríkisins á þessum skýru lagaákvæðum hefur ekki verið í samræmi við lagaskyldur og hefur í mikilvægum ákvörðunum litið framhjá þeirri skyldu að meta fjárhagsleg áhrif lagafrumvarpa og annarra áforma ríkisins á fjárhag sveitarfélaga og tryggja þeim fjármuni til að mæta breyttum skyldum.“



Samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 skal kostnaðarmeta frumvörp til laga sem ætla má að hafi fjárhagsleg áhrif á rekstur sveitarfélaga en 1. mgr. 129. gr. er svohljóðandi:

„Ef fyrirsjáanlegt er að tillaga að lagafrumvarpi, tillaga að stjórnvaldsfyrirmælum eða aðrar stefnumarkandi ákvarðanir af hálfu stjórnvalda ríkisins muni hafa fjárhagsleg áhrif á sveitarfélög skal fara fram sérstakt mat á áhrifum þeirra á fjárhag sveitarfélaga. Viðkomandi ráðherrar bera ábyrgð á því að slíkt mat fari fram.“

Það hefur ítrekað borið á því að ríkið hafi annað tveggja farið á svig við þessa grein sveitarstjórnarlaga eða vanmetið þann kostnaðarauka sem sveitarfélög hafa bent á í umsögnum sínum að leiði af viðeigandi lagasetningu. Nýjasta dæmið er setning laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og breyting á lögum nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga árið 2018, en þessar lagasetningar hafa falið í sér íþyngjandi skyldur sveitarfélaga án viðbótarfjármögnunar.

Samband íslenskra sveitarfélaga fer í flestum tilvikum með samningsumboð fyrir hönd sveitarfélaga um fjármögnun málaflokka. Þegar ágreiningur er uppi um fjármögnun geta málin orðið verulega flókin, enda sveitarfélögin mörg og aðstæður afar ólíkar. Það er þó í flestum tilvikum farsælast að leita samninga við ríkið um fjármögnun og mikilvægt að láta á það reyna í lengstu lög.

Þegar sveitarfélög taka að sér að framkvæma þjónustu fyrir hönd ríkisins með samningum er hægt að segja upp samningnum, enda séu skilyrði til þess í samningunum eða skila verkefni til ríkisins að nýju, eins og nýleg dæmi eru um t.d. er varðar rekstur hjúkrunarheimila.

Í einstökum tilvikum getur þurft að grípa til þess ráðs að fara dómstólaleiðina. Það er aldrei ákjósanlegt en getur reynst nauðsynlegt til þess að knýja á um breytta fjármögnun eða breytta samninga.

Virðingarfyllst,

*Haldóra Káradóttir*  
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs